



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ATTACCA!

3. SEPTEMBER 2026
ELDBORG HARPA

UPPHAFSTÓNLEIKAR
MEÐ BARBÖRU HANNIGAN



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ ÖLL VERK TÓNLEIKANNA ERU
FLUTT ÁN ÞESS AÐ HLÉ SÉ GERT Á MILLI ÞEIRRA OG ERU
TÓNLEIKAGESTIR BEÐNIR UM AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNLEIKA

TÍMALENGD VERKA:

FROM THE STEEPLES AND THE MOUNTAINS: 4"

4:33

UNDARK: 12"

SINFÓNÍA: 55"

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

ATTACCA!

UPPHAFSTÓNLEIKAR

MEÐ BARBÖRU HANNIGAN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 3. SEPTEMBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

BARBARA HANNIGAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

CHARLES IVES

From the Steeples and the Mountains (1901)

HUGI GUÐMUNDSSON

Undark, *frumflutningur* (2026)

JOHN CAGE

4:33 (1952)

GUSTAV MAHLER

Sinfónía nr. 1 í D-dúr (1884–88)

Langsam, schleppend. Immer sehr gemächlich

Kräftig bewegt, doch nicht zu schnell

Feierlich und gemessen, ohne zu schleppen

Stürmisch bewegt – Energisch

Verkin á efnisskránni eru öll leikin án hlés

BARBARA HANNIGAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan tekur við sem aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og hefst þar með nýr kafli, bæði hjá listakonunni og hljómsveitinni. Hún er listakona sem á sér fáa líka og er jafnvíg á hlutverk söngkonu, hljómsveitarstjóra, dagskrárhöfundar (curator) og er lærimeistari ungs tónlistarfólks. Starf hennar er drifið áfram af forvitni, ástríðu, tæknilegum aga, dramatísku ímyndunarafl og óbilandi trú á tónlistinni sem ómissandi lifandi afli í sífelldri þróun.

Barbara er þekkt fyrir að setja saman efnisskrár sem leiða í ljós óvænt tengsl þvert á tónlistartímabil, þar sem þekkt meistaraverk eiga samtal við verk sem sjaldan heyrast og við tónlist samtímans. Hún hefur unnið náið með mörgum fremstu tónskáldum okkar tíma, frumflutt á annað hundrað ný verk og gjörbreytt því hvernig samtímatónlist getur birst bæði flytjendum og áheyrendum. Hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands mun þessi andi könnunar móta listræna sýn sem á sér rætur í framúrskarandi hæfni, víðsýni og samstarfi, um leið og ný tengsl myndast milli Íslands og alþjóðlegs tónlistarlífs.

Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir listsköpun sína, þar á meðal Grammy- og Gramophone-verðlaun, dönsku Sonning-tónlistarverðlaunin og hin virtu sænsku Polar-tónlistarverðlaun. Við það tilefni sagði dómnefnd verðlaunanna að einstakar tónlistargáfur Hannigan og hugrekki hennar geri hana að einum fremsta túlkanda klassískrar tónlistar og samtímatónlistar í dag. Hún hefur verið sæmd kanadísku útgáfunni af Fálkaorðunni og er Officier des Arts et des Lettres í Frakklandi.

Barbara Hannigan er einnig aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar og Kammersveitarinnar í Lausanne og gestalistamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Lundúna. Hún stjórnar virtustu hljómsveitum heims, þar á meðal Concertgebouw-hljómsveitinni, Cleveland-hljómsveitinni, Filharmóníusveit München, Filharmóníusveitinni í New York og Tékknesku filharmóníunni. Þá gegnir hún prófessorsstöðu sem kennd er við Reinbert de Leeuw í Royal Academy of Music í Lundúnum. Hannigan hefur gefið út átta plötur hjá Alpha Classics útgáfunni, nú síðast *An American Dream?* með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar (2026). Hún hlaut Grammy-verðlaunin fyrir plötuna *Crazy Girl Crazy* (2017) og upptökur hennar hafa hlotið fjölda annarra viðurkenninga, þar á meðal Diapason d'Or, Edison-verðlaunin og Juno-verðlaunin. Barbara leggur rækt við nýjar kynslóðir tónlistarmanna gegnum verkefnið Equilibrium Young Artists, sem var stofnað 2017.

Hún býr í Finistère á norðvesturströnd Frakklands, gegnt æskuslóðum sínum hinum megin Atlantshafsins, Waverley í Nova Scotia. Hannigan kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2022 þegar hún heillaði áheyrendur með túlkun sinni á verkum eftir Berg, Schönberg, Ives og Gershwin. Endurkoma hennar árið 2026 markar ekki einungis nýja stöðu, heldur upphaf sameiginlegs listræns ævintýris, ævintýris sem mótast af hugrekki, ímyndunarafli og þeirri sannfæringu að hljómsveit geti í senn verið vörður tónlistararfsins og öflugt afl til framtíðar.

CHARLES IVES

FROM THE STEEPLES AND THE MOUNTAINS



Bandaríska tónskáldið Charles Ives (1874–1954) var þekktur fyrir nýstárlega og tilraunakennda nálgun sína að tónlist, og er talinn brautryðjandi í að móta bandaríska klassíska tónlist sem líta má á sem einstaka. Ives fæddist árið 1874 í Danbury í Connecticut og varð fyrir miklum áhrifum frá föður sínum, George Edward Ives. George var framsækinn tónlistarmaður sem hvatti son sinn til að kanna óhefðbundin tónlistarform og aðferðir. Í fyrstu verkum Ives kom fram næmi hans fyrir ómstríðu, margröddun og notkun tónlistartilvitnana, sem segja má að endurspegladi að einhverju leyti andúð hans á evrópskri tónlistarhefð. Að loknu námi við Yale hóf hann farsælan feril í tryggingageiranum en hélt áfram að semja tónlist í fristundum sínum. Í verkum Ives blandast gjarnan saman hefðbundin bandarísk stef við móðernískar aðferðir og fanga þau oft í tónum hugmyndir og hughrif sem liggja utan tónlistarinnar sjálfrar. Þrátt fyrir að hafa mætt fálæti og takmarkaðri viðurkenningu á lífsleiðinni vakti nýstárlegur still Ives á endanum athygli nýrrar kynslóðar tónlistarmanna og gagnrýnenda.


TÓNLISTIN OG SÍ

Sinfóníuhljómsveitin hefur öðru hvoru sett verk Ives á éfnisskrá sína. Árið 1964 lék sveitin Spurningu ósvarað undir stjórn Igors Buketoff og endurtók Barbara Hannigan leikinn árið 2022. Þess á milli stýrði Murry Sidlin SÍ árið 1991 þegar hún lék Sinfóníu nr. 2. Árin 2021 og 2024 flutti SÍ Sinfóníu nr. 3 ásamt Ludovic Morlot. Árið 2003 lék sveitin svo Fjóra hátíðisdaga á Nýja Englandi undir stjórn Ilans Volkov.

From the Steeples and the Mountains (1901) er dæmigert fyrir uppbyggingu verka Ives. Það er samið fyrir málmblásara og bjöllur og mætti kalla tilraun með „fjórviðdar“ hljóð. Fjarlægur bjölluhljómur markar upphafið, svo veikir að hann er vart greinanlegur. Málmblásararnir koma inn, fyrst hikandi en magnast síðan með kontrapunktískum þunga og styrk, svo að tónlistin nær, eftir aðeins þrjár og hálfa mínútu, magnþrungnu hámarki, hverfur svo skjótt og skilur aðeins eftir sig bergmál.

JOHN CAGE

4:33



TÓNLISTIN OG SÍ

SÍ hefur tvisvar sinnum flutti verk eftir John Cage. Árið 2012 flutti sveitin Concerto for Prepared Piano & Chamber Orchestra undir stjórn Bernharðs Wikinson og sama ár lék SÍ *Music for 13* ásamt Ilan Volkov.

Á hlýju sumarkvöldi í ágúst 1952 gekk píanóleikarinn David Tudor að flygli á sviðinu í Maverick-tónleikahúsinu í Woodstock í New York. Með skeiðklukku í hendi settist Tudor við flygilinn og frumflutti verk John Cage, 4:33, án þess að slá einn einasta tón. Þetta verk, sem yfirleitt er kallað „böгла“ verk Cage, er í þremur þáttum þar sem flytjandi eða flytjendur fá fyrirmæli um að framkalla ekki nokkurt hljóð í fjórar mínútur og þrjátíu og þrjár sekúndur.

Þessi róttæki gjörningur kollvarpaði hefðbundinni gerð tónlistar, færði athyglina frá flytjandanum til áheyrenda og opnaði fyrir óendanlega möguleika umhverfishljóða til að fylla rýmið. Í dag er 4:33 þekkt sem tímamótaverk sem fléttar saman áhuga Cage á hinu handahófskennda, tilraunatónlist og sjónlist. Þegar Cage ræddi verkið lagði hann áherslu á að hann hefði ekki ætlað sér að hneyksla áheyrendur, heldur vonast til að opna eyru þeirra fyrir þögninni sem sjálfstæðri byggingareiningu innan tónmálsins. Í sjónlist voru samtíðarmenn Cage á svipaðan hátt farnir að vinna með tilviljanir, „neikvætt rými“ og verk sem höfðu verið svipt efniskennd sinni og hvöttu til opinna framsetningar eða túlkunar á fyrirfram mótaðri upplifun. Til eru margar túlkanir á 4:33 og margir líta á það sem gjörningalist. Óvíst er hverju Cage vildi ná fram, en það sem gerist iðulega við flutning 4:33 er að áheyrendur taka að ókyrrast og hósta; sumir fara jafnvel að hvísla. John Cage (1912–1992) hafði gríðarleg áhrif á framúrstefnulist, einkum á fimmta, sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar, og er enn í dag mörgum tónskáldum og listamönnum uppspretta innblásturs.

HUGI GUÐMUNDSSON

UNDARK



TÓNLISTIN OG SÍ

Árið 2012 flutti SÍ Orkestur undir stjórn Ilan Volkovs. Þá var Djákninn á Myrká flutt á Litla tónsprotanum árið 2015 undir stjórn Bernharðs Wíkinson sem stjórnaði einnig RÚV- stefninu ári síðar. Nú síðast lék sveitin BOX árið 2020 undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

Hugi Guðmundsson (f. 1977) er nýtt staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands til tveggja ára. Hann hefur fyrir löngu skipað sér í röð athyglisverðustu tónskálda þjóðarinnar. Hugi lærði tónsmíðar við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík, Konunglega danska tónlistarháskólann og raftónlist við Sonology stofnunina í Haag. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Sem staðartónskáld hljómsveitarinnar mun Hugi semja fjögur hljómsveitarverk af ólíkum toga. Á þessum upphafstónleikum mun verkið Undark hljóma en verkið samdi hann fyrir Barböru Hannigan og er sópranparturinn sérstaklega skrifaður með það í huga að hann sé fluttur samhliða því að stjórna hljómsveitinni.

Fremst í nótum verksins skrifar Hugi eftirfarandi lýsingu á því hvað Undark er og má ætla að hún gefi áheyrendum einhverja hugmynd um viðfangsefni verksins: „Undark var sjálflysandi málning, unnin úr radíum, sem notuð var af þeim sem máluðu klukkuskífur á þriðja áratug 20. aldar, konum sem síðar urðu þekktar sem „Radium Girls“. Að „undarka“ klukkuskífu fól í sér að gera tímann sýnilegan í niðamykrri, afrek sem náðist með því að blanda saman mjög geislavirkum radíum og fosfór. Þar sem radíum er svokallaður „beinaleitari“ (e. bone-seeker), efnafræðilega líkt kalsíum, tóku líkamar málara og óafvitandi upp efnið inn í sjálfa líkamsbygginguna og fengu þannig hina lýsandi málningu varanlega inn í beinagrindina. Þessi geislavirka arfleifð þýðir að bein þeirra héldu áfram að lýsa löngu eftir dauðann, með draugalegum og vofukenndum bjarma sem mun vara í þúsundir ára.“


*Kvika eignastýring veitir alhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA
Eignastýring

GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 1 Í D-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ

Fyrsta sínfónía Mahlers hefur hljómað ellefu sinnum áður í flutningi SÍ, fyrst í Háskólabíói undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1972 og svo ellefu árum síðar undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat. Síðan þá hefur SÍ leikið hana nokkuð reglulega. Í Eldborg hefur Sínfóníuhljómsveit Íslands flutt verkið undir stjórn Eivinds Aadland (2013), Osmo Vänskä (2016) og svo stjórnaði Eva Ollikainen verkinu á 70 ára afmælistónleikum sveitarinnar árið 2020.

Fyrsta sínfónía Gustavs Mahler (1860–1911) er verk upphafsins í fleiri en einum skilningi. Hún var hans fyrsta útgefna sínfónía, en var þó ekki verk óreynds tónskálds. Tilurð hennar spannaði mörg ár: elsta efniviðinn má rekja til níunda áratugar nítjándu aldar, upphaflega gerðin var frumflutt í Búdapest árið 1889 og Mahler hélt áfram að endurskoða verkið gegnum flutninga og útgáfur næstu árin. Sínfónían leit ekki dagsins ljós sem einföld „Sínfónía nr. 1“, heldur sem „sínfónískt ljóð“ í tveimur hlutum og fimm þáttum. Það var ekki fyrr en eftir margar endurskoðanir sem hún varð að því fjögurra þátta verki sem áheyrendur þekkja í dag. Hinn upprunlegi annar þáttur, Blumine, var að lokum fjarlægður og titillinn „Titan“, fenginn að láni úr skáldsögu Jean Pauls, var sömuleiðis lagður til hliðar af tónskáldinu, sem taldi að titlar og prógrammísk lýsing gætu villt um fyrir áheyrendum fremur en að varpa ljósi á tónlistina.

Mahler lét þau frægu orð falla að fyrir honum væri það að semja sínfóníu sama og að skapa heilan heim, og þetta verk sýnir hversu róttækur sá metnaður var. Það ferðast milli náttúrumynda og martraða, þjóðlagakennds einfaldleika og sínfónískra átaka, æskuljóma og gróteskrar skopstælingar. Verkið sýnir einnig nán tengsl milli sönglaga Mahlers og sínfónía hans: efniviður úr *Lieder eines fahrenden Gesellen*, einkum söngurinn *Ging heut' morgens übers Feld*, verður að meginsteifi fyrsta þáttarins og snýr svo aftur sem hluti af víðari tilfinningaþræði sínfóníunnar.

Upphafskaflinn er með því eftirtektarverðasta í hljómsveitartónlist nítjándu aldar. Í stað þess að hefjast á djörfu stefi, eins og hefðin gerir ráð fyrir, lætur Mahler hljómsveitina líða fram í nær algjörrri þögn: viðvarandi A-tónn sem hann breiðir yfir margar áttundir, fjarlægir lúðrablástrar, fuglaköll og brotabrot sem virðast smám saman renna í fókus. Tónsmíðin kallar fram hljóðmynd: líkt og náttúran, vaknar tónlistin hægt og bitandi úr dularfullri kyrrð yfir í iðandi líf vorsins. Upp úr þessum magnþrungna hljóðheimi vex glaðlegt meginstefið leikið af sellóunum. Það sem virðist í fyrstu vera friðsæl mynd sveitasælu er um leið þaulskipulagt sínfónískt ferli: gaukskall, fallandi ferundir, lúðrablástrar og laglínubrot leggja til efnivið sem bergmálar um allt verkið.

Annar þátturinn færir sínfóníuna niður á jörðina. Hann er saminn sem kröftugur Ländler, sem er austurrískur sveitadans, og er hrjúfur, líkamlegur og stundum vísvitandi grófgerður. Stappandi taktur hans

og þung áherslulög kalla fram mynd af þorpshljóðfæraleikurum fremur en hirðlegri fágun, á meðan tríóið býður upp á afslappaðri og mýkri sveitastemningu. Þetta er þó ekki einungis notaleg millispilstónlist. Mahler umbreytir dansinum í eitthvað sinfónískt, magnar upp kraft hans, skerpir litbrigði hljómsveitarinnar og leyfir jarðbundnu alþýðumáli tónlistarinnar að standa við hlið klassískra forma fortíðarinnar.

Þriðji þátturinn er sá undarlegasti og mest ögrandi í allri sinfóníunni. Innblásturinn er sóttur í mynd sem gjarnan er tengd verki Moritz von Schwind, Líkfylgd veiðimannsins, þar sem dýr skógarins bera dauðan veiðimann til grafar. Mahler umbreytir vögguvísunni Meistari Jakob í sorgarmars í moll, sem hljómar fyrst frá dempuðum kontrabössunum. Útkoman er í senn spaugileg og hrollvekjandi: barnavísa verður að skruðgöngu skopstælingar, kaldhæðni og óhugnaðar. Innskot í anda þorpshljómsveita, með keim af bæheimskri eða klezmerkenndri tónlist, magna upp hina grótesku stemningu, á meðan hlýleg tilvitnun í *Lieder eines fahrenden Gesellen* opnar í andartak glugga að minningu, huggun og sakleysi bernskunnar.

Lokaþátturinn brýst fram af offorsi, líkt og hinn brothætti heimur líkfylgdarmarsins hafi verið rifinn í sundur. Merktur „óveðurslega“ af tónskáldinu, hefst hann á gríðarlegri sprengingu: málmgný, ofsafengnum strengjum og æðisgengnum málmblástri, og varpar áheyrandanum beint inn í átök. Mahler tengdi þennan þátt eitt sinn við angistaróp helsærðs hjarta. Tónlistin leiðir hvað eftir annað fram árekstra: ólgu gegn ljóðrænu, myrkur gegn minningu, hrun gegn möguleikanum á sigri. Stef úr fyrri þáttum snúa aftur, ekki einungis til skrauts eða upprifjunar, heldur sem hluti af sálrænni spennu lokaþáttarins. Niðurlag sinfóníunnar er sigur sem dýru verði er keyptur. Eftir falskan hápunkt og endurnýjaðar baráttuhrynur, nær tónlistin loks eiginlegum hápunkti með blossandi lofsöng málmblásaranna í D-dúr. Við flutning verksins er þetta augnablik stundum undirstrikað sjónrænt með því að hornleikararnir rísa á fætur svo hljómur þeirra nái að skera sig í gegnum alla hljómsveitina. Þetta er þó ekki einskær fögnuður, sigurinn var dýru verði keyptur með átökum, kaldhæðni og því að sigrast á sjálfum sér.

Þorbjörg Daphne Hall

RADISSON BLU 1919 HÓTEL

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

88 herbergi og svítur í falletgri skandinavískri hönnun staðsett í einu sögufrægasta húsi borgarinnar.

Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, 101 Reykjavik, Iceland
T: +354 599 1000 info.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE
[radissonhotels.com/blu](https://www.radissonhotels.com/blu)

Á DÖFINNI

CHAMAYOU LEIKUR RAVEL

FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER KL. 19:30

Nýr staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, píanóleikarinn Bertrand Chamayou, og sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan verða í brennidepli á fjölbreyttum tónleikum. Chamayou leikur verk eftir Messiaen og Ravel, en Hannigan og strengjasveit Sinfóníuhljómsveitarinnar flytja Les Illuminations eftir Britten. Í upphafi hljóma atriði úr Köngulóarveislunni eftir Albert Roussel.



CHAMAYOU EINLEIKSTÓNLEIKAR

FÖSTUDAGINN 11. SEPTEMBER KL. 18:00

Bertrand Chamayou heldur einnig einleikstónleika í Norðurljósum. Gagnrýnendur hafa vart undan því að lofa kraftmiklum og hrífandi fögnum píanóleik hans. Ljód án orða er leiðarstef tónleikanna. Ferðalagið hefst á Mendelssohn, liggur um tónheim Ives, Schumanns, Crumbs, Kurtágs og Takemitsus og lýkur á hinni glæsilegu Wanderer-fantasíu Schuberts.



TIL HAMINGJU MOZART

LAUGARDAGINN 19. SEPTEMBER KL. 14:00

Við fögnum 270 ára afmæli undrabarnsins Wolfgang Amadeusar Mozart með glæsilegum fjölskyldutónleikum í tónleikaröðinni Litli tónsprotinn! Halldóra Geirharðsdóttir leiðir unga tónleikagesti í fjörugt ferðalag um líf og tónlist þessa einstaka tónskálds.



Á DÖFINNI

UNGSVEITIN LEIKUR SHEHERAZADE

SUNNUDAGINN 20. SEPTEMBER KL. 14:00

Á tónleikum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fá gestir innsýn í framtíð íslensks tónlistarlífs. Að þessu sinni flytur sveitin Sheherazade eftir Rimskij-Korsakov, litríkt meistaraverk innblásið af ævintýraheimi Þúsund og einnar nætur. Tónlistin er full af heillandi laglínum, framandi hljóðheimi og ríkulegum hljómsveitarlitum þar sem ungir hljóðfæraleikarar fá sannarlega að njóta sín.



MEISTARI MORRICONE

24. OG 25. SEPTEMBER KL. 20:00

Ennio Morricone er eitt merkasta kvikmyndatónskáld allra tíma. Á þessum kvikmyndatónleikum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlist úr meistaraverkum á borð við Cinema Paradiso, The Mission og Once Upon a Time in the West. Brot úr kvikmyndunum verða sýnd á stóra tjaldinu og skapa einstaka upplifun fyrir kvikmynda- og tónlistarunnendur.



SCHUMANN & BEETHOVEN

FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER KL. 19:30

Kanadíski sellóleikarinn Bryan Cheng leikur ljóðrænan sellókoncert Schumanns. Einnig hljóma litrík verk eftir Charlotte Sohy og Lili Boulanger og kraftmikill Leonóru-forleikur Beethovens. Við stjórnvölinn er Bar Avni, sigurvegari La Maestra hljómsveitarstjórakeppninnar 2024, en ferill hennar hefur verið á hraðri uppleið á alþjóðlegum vettvangi síðustu ár.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Joanna Bauer
Laufey Jensdóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lana Trimmer
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Ísak Ríkharðsson

2. FIDLA

Caroline Smoak
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Justyna Bidler
Emma Garðarsdóttir
Pia Sundroos
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Þórdís Stross

VIÓLA

Þórunn Ósk Marínósdóttir
Rita Þoríris
Guðrún Hrunð Harðardóttir
Guðbjartur Hákonarson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Natalia Duarte
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Margrét Árnadóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Adam Bernstein
Gengpei Li
Richard Korn
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno
Kristín Yr Jónsdóttir

ÓBÓ

Kyeong Ham
Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Francisco Almazán Alhambra

KLARINETT

Tomer Ornan
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson
Grimur Helgason

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Sabina Aran Clota
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Jason Friedman
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Frank Hammarin
David Peel
Jósef Ognibene

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Szabolcs Koczur

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Charley Pollard

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Ginevra Palo
Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout
Ginevra Palo

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Valgerður Rúnarsdóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjórdís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Daníel Bjarnason
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri

Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi
Dagrun Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

LFANDI TÓNLIST



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Fléttaðu töfrum við hversdagsleikann með áskriftar-
leiðum Sinfóníunnar. Með Regnbogakorti getur þú valið
þá tónleika sem höfða mest til þín og tryggt þér gott
sæti með 20% afslætti.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050

WWW.SINFONIA.IS